


Skýrsla forstjóra, Svanhildar Konráðsdóttur.

Formaður stjórnar dró upp skýra mynd af stóru viðfangsefnunum sem framundan eru hjá Hörpu. Ég mun nú fylgja því eftir með yfirferð um ársreikninginn og fjalla nánar um nokkra lykilþætti starfseminnar á liðnu ári.



Ársreikningurinn sem hér er til umfjöllunar inniber samstæðuna Hörpu o.hf. þ.e. móðurfélagið Hörpu og dótturfélögin þrjú sem eru Greiðslumiðlunin Hringur ehf. sem er í 100% eigu Hörpu og heldur utan um greiðslur eigenda - ríkis og Reykjavíkurborgar - vegna lántöku til að fjármagna byggingu

hússins og kaup á búnaði (100% í eigu Hörpu), Rekstrarfélagið Stæði slhf. sem er að 77,1% í eigu Hörpu og Rekstrarfélagið Hörpustrengi ehf. sem sér um skipulagningu viðburða á vegum hússins og er í 100% eigu Hörpu.

Það er rétt að byrja á því að vekja athygli á að áritun endurskoðenda á ársreikningi er fyrirvaralaus en með ábendingu sem er eftirfarandi:

Við viljum vekja athygli á umfjöllun í skýrslu stjórnar og skýringu nr. 13 þar sem fjallað er um óvissu í fjárhagslegri stöðu samstæðunnar. Eins og fram kemur í þessari tilvitnaðri skýringu getur ríkt vafi um að félagið geti staðið við skuldbindingar sínar á næstu misserum. Byggt á þeim atriðum sem koma fram í ársreikningnum, meðal annars í tilvitnaðri skýringu, gerum við ekki fyrirvara í áliti okkar vegna þessa.

Í skýringu 13 er varðar fjárhagslega stöðu samstæðunnar eru rakin þau málsatvik sem snerta ágreining um fasteignagjöldin og formaður fór yfir hér áðan – en til viðbótar er rétt að vekja athygli á þessu lykilatriði er varðar reksturinn 2017:

Vegna bágrar lausafjárstöðu samstæðunnar var þann 23. maí 2017 gerður viðauki við samning Hörpu annars vegar og íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar hins vegar um rekstur og starfsemi Hörpu. Viðaukinn kvað á um að eigendur skyldu leggja samstæðunni til 450 milljóna króna rekstrarframlag vegna ársins 2017.

Varðandi rekstrarhæfi félagsins til ársloka 2018 þá er það staðfest í ljósi þess að eigendur leggja til 400 mkr. framlag sem innt verður af hendi með jöfnum mánaðarlegum greiðslum.

Rekstrarreikningurinn

Tekjur

Tekjur af starfsemi samstæðunnar drógust saman um 120 milljónir á milli ára eða um rúm 9% og munar þar mestu um að þrír mjög stórir, alþjóðlegir viðburðir á ráðstefnusviði settu mark sitt á 2016 auk þess sem eigin viðburðir Hörpu voru mun umfangsmeiri það ár s.s. með sýningum San Francisco ballettsins sem var samstarfsverkefni með Listahátíð í Reykjavík.

Tekjur af samningum við fasta íbúa í Hörpu – þ.e. Sinfóníuhjónsveit Íslands og Íslensku óperuna voru alls 176 m.kr. og lækkuðu um 17 m.kr. á milli ára. Með sérstöku framlagi eigenda til rekstrar sem var 450 m.kr. og hækkaði úr 191 m.kr. frá árinu áður - voru heildartekjur samstæðunnar alls 1.611 milljónir.

Formaður hefur þegar ávarpað þetta aukna framlag sem kom á vormánuðum 2017 og er í raun að endurspegla þá stærðargráðu sem hefur verið á umliðnum árum á neikvæðri EBITDU samstæðunnar.

Staðan var í stuttu máli sú að samningur um tímabundið framlag eigenda til rekstrar hafði runnið sitt skeið, eigið fé orðið neikvætt og enn og aftur var beðið niðurstöðu í ágreiningi um fasteignagjöld Hörpu. Þetta framlag var því forsendan fyrir því að hægt væri að halda starfsemi í húsinu áfram.

Gjöld

Rekstrargjöld Hörpu lækkuðu enn meira en sem nam breytingum á tekjum á milli ára - eða um 150 milljónir.

Ef horft er á sundurliðun á helstu gjaldaliðum þá sést að fasteignagjöld hækkuðu á milli ára um 36 milljónir – fóru úr 206 m.kr. í 242 m.kr og er þá búið að leiðrétta fasteignagjöld beggja ára til samræmis við núgildandi fasteignamat Þjóðskrár Íslands. Þessi langa saga er rakin all ítarlega í skýrslu stjórnar og skýringum 4. og 9. í ársreikningnum.

Annar húsnæðiskostnaður dróst saman og fór úr 316 m.kr. í 288 m.kr. – eða um 28 m.kr. Þar af vege þyngst frestun á viðhaldi og almennar hagræðingaraðgerðir.

Launakostnaður Hörpu stóð nánast í stað á milli ára þrátt fyrir að meðalhækkun launavísitölu hafi numið um 8%. Laun og launatengd gjöld námu samtals 515 milljónum. 117 voru á launaskrá og er það óbreytt frá fyrra ári – en stöðugildum fækkar um tvö sem var m.a. liður í hagræðingaraðgerðum félagsins.

Veruleg lækkun varð í liðnum aðkeypt þjónusta eða í heild um 113 milljónir - rúm 28%. Þar af nam lækkun á aðkeyptri þjónustu vegna viðburða eða skammtímaleigu 62 m.kr. og 51 m.kr. lækkun var vegna annarrar aðkeyptrar þjónustu.

Kostnaður vegna skammtímaleigu á að sjálfsgöðu að lækka til samræmis við minni tekjur af útleigu vegna viðburða – en góðu fréttirnar eru að með markvissum hagræðingaraðgerðum, auknu kostnaðareftirliti og viðskiptapróun hefur okkur tekist að lækka útgjöldin hlutfallslega meira og stuðla þannig að bættri afkomu í rekstrinum. Markmiðið er að ná enn heilbrigðara jafnvægi á milli tekna og gjalda í þessari kjarnastarfsemi Hörpu – sem og rekstrinum í heild. Annar rekstrarkostnaður samstæðunnar lækkaði einnig á milli ára sem nemur 47 m.kr. og var 224 milljónir.

Niðurstaða

Til að draga þetta saman þá batnaði reksturinn - án framlaga eigenda - um 30 m.kr. á milli ára - og það þrátt fyrir 36 m.kr. hækkun á fasteignagjöldum, verulegar almennar hækkanir á launakostnaði og lægri rekstrartekjur. Gjöld samstæðunnar á árinu 2017 umfram rekstrartekjur námu 393 m.kr. á móti 423 m.kr. árið áður.

Með framlagi eigenda til rekstrar varð niðurstaðan fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA) því jákvæð um 56,6 m.kr. árið 2017 en árið á undan var tapið 232 m.kr. og batnaði því EBITDA Hörpu um tæpar 289 m.kr.

Þegar horft er á afkomuna eftir afskriftir, sem eru 345 m.kr., fjármagnsgjöld og framlag eigenda til endurgreiðslu á skuldabréfi vegna byggingar og búnaðar, er bókfært tap ársins 243 m.kr. og batnar afkoma samstæðunnar verulega – eða um 363 m.kr. og 60% á milli ára.

Það er óneitanlega mjög ánægjulegt að sjá í þessum ársreikningi vísbendingar um að hagræðingaraðgerðir og umbætur í rekstri Hörpu séu farnar að skila árangri. Þannig hefur framlegð af kjarnastarfsemi batnað og sparnaður náðst á ýmsum sviðum. Þetta á ekki síst við um síðasta ársfjórðung 2017 og við munum áfram vinna markvisst að því að bæta reksturinn og á sama tíma standa vörð um starfsemina.

Efnahagur

Það er ekki mikil breyting á efnahagsreikningi Hörpu á milli ára. Fjárfestingar voru óverulegar vegna þröngrar rekstrarstöðu félagsins eða aðeins 9,7 m.kr. og endurspeglar þessi takmarkaða geta til endurfjárfestinga verulega ógn í rekstri Hörpu.

Fastafjármunir samstæðunnar eru að verðmæti rúmlega 19.2 milljarðar og skiptast þannig að um 16.8 ma. eru vegna fasteignarinnar og 2.4 ma. vegna búnaðar.

Breytingar á milli ára á veltufjármunum eru fyrst og fremst vegna vegna kröfu á Reykjavíkurborg vegna leiðréttingar fasteignagjalda sem færð var í viðskiptakröfur árið 2016 og fellur út árið 2017. Hins vegar hækkar handbært fé verulega á milli ára og þrefaldast: fer úr 158 m.kr. í 682 mkr. og kemur þetta að mestu til vegna endurgreiðslu á ofgreiddum fasteignagjöldum samanber nýtt fasteignamat frá því 12. október 2017 sem þegar hefur verið fjallað um.

Eignir samstæðunnar stóðu því í árslok í rúmum 20.2 milljörðum króna.

Eigið fé samstæðunnar var neikvætt um 47,5 milljónir króna í árslok 2017. Í skýringu 9. er rakið hvernig leiðrétting á ofgreiddum fasteignagjöldum er færð yfir eigið fé og rekstur 2016 og verður ekki nánar farið út í það hér.

Ég get hins vegar ekki látið hjá líða að benda á eftirfarandi staðreynd:

Þrátt fyrir að rekstur Hörpu hafi batnað á milli áráanna 2016 og 2017 og framlög eigenda aukist um rúmar 250 m.kr. er eigið fé samt orðið neikvætt í árslok vegna hárra afskrifta, árlegrar verðbreytingafærslu og fjármagnskostnaðar. Fyrirsjáanlegt er að sá mínus muni stöðugt stækka á næstu árum – og það þrátt fyrir að sjóðstreymi og EBITDA verði áfram jákvæð. Þetta er óásættanleg staða en unnið er að því að tryggja Hörpu eðlilegan efnahagsreikning í samstarfi við eigendur félagsins líkt og formaður stjórnar kom inn á hér áðan og kemur fram í skýringu 13.

Eiginfjárstaða samstæðunnar er neikvæð vegna taprekstrar undanfarinna ára. Í því sambandi skal þó bent á að ef núvirði óafturkræfra og skuldbindandi framtíðargreiðslna íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar til ársins 2046 væri fært til eignar, sem fjáreign, myndi það leiða til þess að eiginfjárstaða samstæðunnar yrði jákvæð.

Skuldir

Skuldir samstæðunnar standa í rúmum 20.2 ma. kr. í árslok. Þar af eru tæpir 19.6 ma. vegna langtímaskulda/skuldbréfs í tengslum við fjármögnun byggingar Hörpu.

Eigið fé og skuldir samtals voru þannig 20.2 ma. kr.

Starfsemin

Þrátt fyrir margvíslegar áskoranir í rekstrinum er starfsemin í Hörpu afar blómleg. Hér ríkir bæði gestrisni og gleði enda eins gott því að á síðasta ári tókum við á móti fleiri gestum en nokkru sinni fyrr þar eð heimsóknir í húsið voru um 2,3 milljónir.

Viðburðirnir sem við höfum talið á síðasta ári eru hálf túsund þúsund og fjölgar um 250 á milli ára. Það er ekkert minna en magnað að skoða fjölbreytnina í þessari flóru því okkur telst til að Sinfóníuhljómsveit Íslands hafi verið með 68 viðburði – eða fleiri en einn á viku – og er lang stærsti einstaki viðburðahaldarinn í húsinu – aðrir listviðburðir voru 512 talsins og fjölgað um 90, ráðstefnur, fundir, veislur og tengdir viðburðir voru 469. Ferðamannatengd þjónusta og viðburðir tóku kipp á milli ára og með framboði á skipulegum leiðsögnum, leiksýningum, tónleikum o.fl. sem sérstaklega er aðgengilegt ferðamönnum - stendur sú tala í 450 viðburðum árið 2017.

Og það er virkilega gaman að rýna enn nánar í þessar tölur – ekki síst í samhengi við það hlutverk sem Harpa var byggð til að uppfylla – að vera tónlistarhúsið okkar allra – að vera hús þjóðarinnar. Í fyrra voru t.a.m. 26 óperuviðburðir, 20 tónleikar með lúðrasveitum, 9 kórtónleikar, 65 sem voru popp/rafmagnað auk þess sem við erum með 14 skráða viðburði með annars konar

músík. En Harpa er einnig ráðstefnuhús á heimsmælikvarða og voru haldnar 110 ráðstefnur – hvorki meira né minna en 186 fundir og svo má ekki gleyma þessum 109 veislum – því þetta er húsið sem þjóðin vill koma í til að fagna mikilvægum áföngum í lífinu. Enda vildu margir útskrifast héðan – háskólar og framhaldsskólar eða 5 útskriftir – svo eitthvað sé nefnt. Velflestar borgarhátíðir í Reykjavík fundu sér stað í Hörpu á síðasta ári og má þar m.a. nefna Barnameningarhátíð, HönnunarMars, Jazzhátíð í Reykjavík, Menningarnótt, Iceland Airwaves, Sónar og Myrka músikdaga. Harpa stóð fyrir eigin viðburðum og samstarfsverkefnum þar sem helst má telja Vijay Iyer og Wadada Leo Smith, Vínar og Berlínar kammersveitina, Reykjavík MidSummer Music (RMM) undir stjórn Víkings Heiðars Ólafssonar, heimsókn Joshua Bell og Akademiunnar frá St Martin in the Fields og svo ballettinn frá St. Pétursborg. Á árinu var einnig brotið blað í litríkri viðburðasögu Hörpu með listahátíðinni Norður og Niður og tónleikum SigurRósar í Eldborg á milli jóla og nýárs.

Könnunin

Og Harpa er sannarlega húsið okkar – hús þjóðarinnar. Áður hefur komið fram MMR hefur gert könnun á landsvísi fyrir Hörpu og taka niðurstöðurnar af öll tvímæli um þetta.

86% þjóðarinnar hefur komið í Hörpu og 81% hafa komið á síðustu 12 mánuðum. Það var fyrirsjáanlegt að íbúar höfuðborgarsvæðisins sæki húsið oft en þeir sem búa annars staðar á landinu – en jafnframt sérstaklega ánægjulegt að sjá að 68% þeirra sem búa utan höfuðborgarsvæðisins hafa heimsótt Hörpu.

Langflestir komu í Hörpu í tengslum við tónlistarviðburði en um 25% í tengslum við ráðstefnu eða fund.

En þjóðin er ekki einungis að koma í stórum stíl í Hörpu heldur er hún líka mjög jákvæð í garð hússins.

- 73% Íslendinga eru frekar jákvæðir eða mjög jákvæðir í garð Hörpu en einungis 6% eru frekar neikvæðir eða mjög neikvæðir.
- Jákvæðir í garð hússins nefndu flestir að afstaða þeirra réðist af fagurfræðilegum þáttum. Harpa væri fallett /flott/frábært/glæsilegt/stórkostlegt hús fullt af menningu og fjölbreyttri dagskrá. Almennt má greina einstaka hlýju og stolt í garð hússins úr svörum í könnuninni og það er frábært veganesti inn í framtíðina.
- Þeir 6% sem voru neikvæðir nefndu flestir kostnað tengdan húsinu eða að óþarfi hefði verið að byggja það.

Til að draga þessa yfirferð mín saman - þá er ljóst að heilbrigðari grundvöllur fyrir Hörpu verður að að fela í sér umbætur í rekstri, endurskoðun á rekstrarmódeli félagsins sem t.a.m. gerir okkur kleyft að sinna lífsnauðsynlegu viðhald á þessu verðmæta húsi þjóðarinnar. Menningarleg og

listræn markmið eigendastefnu verður að fjármagna á gegnsæjan hátt og skilgreina betur hvað felst í hlutverki Hörpu að vera fjölsóttasti áfangastaður ferðamanna í borginni.

Við Hörpufólk finnum nú ferska vinda sem blása í seglin: Starfsemin vex að umfangi og fjölbreytni, gestum fjölgar, þjóðin sækir Hörpu heim og viðhorf yfirgnæfandi meirihluta hennar er að Harpa sé einstök; dýrmæt sameign sem við erum stolt af. Og þannig viljum við halda áfram inn í framtíðina.

Gæfa Hörpu felst ekki síst í einstöku starfsfólki sem af fagmennsku og alúð gerir samstarfið við gríðarstóran hóp notenda hússins eins gott og raun ber vitni. Það á heiðurinn af rekstrarárangri ársins og ekki síður leikur það lykilhlutverk í að skapa hið góða orðspor sem Harpa nýtur.

Ég tek undir þakkarorð formannsins í garð Auðar Árnadóttur, sem lætur af störfum sem fjármálastjóri og hlakka jafnframt til að leita áfram lausnanna með Berglindi Ólafsdóttur sem nú tekur við.

Að lokum þakka ég stjórn Hörpu afar gott samstarf og stuðning hennar við öll góð mál á vettvangi Hörpu á liðnu ári.

Reykjavík 26. apríl 2018

Svanhildur Konráðsdóttir
Forstjóri Hörpu.

Viðauki við skýrslu forstjóra.

